

**1998 nr. 75 15. júní****Áfengislög**

Tóku gildi 1. júlí 1998, sjá þó 32. gr. Breytt með l. 8/1999 (tóku gildi 17. mars 1999), l. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005) og l. 40/2005 (tóku gildi 25. maí 2005).

**I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að vinna gegn misnotkun áfengis.

■ **2. gr.** Samkvæmt lögum þessum telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Efni þau sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika skal fara með sem áfengan drykk.

□ Vínandastyrkur sem hlutfall af rúmmáli áfengis skal mældur við 20°C.

■ **3. gr.** Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heilidsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum. Einnig þarf leyfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum.

□ Veita má einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heilidsölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem löggin áskilja. Leyfisveitanda er heimilt að binda leyfi skv. 1. mgr. sérstökum skilyrðum sem talin eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfsemi.

□ Leyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum eru bundin við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði stytur eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.

■ **4. gr.** Innflutningur, heilidsala, smásala, veitingar og framleiðsla áfengis sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögum þessum varðar refsingu skv. 27. gr.

□ Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr., þótt ekki sé í atvinnuskyni:

- a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu,
- b. að selja áfengi,

c. að veita áfengi með öðrum hætti en heimilt er samkvæmt lögum þessum.

□ Ólöglegur innflutningur áfengis varðar refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

□ Lögregla, tollgæsla og skattfyrirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. Um greiðslu löggæslukostnaðar vegna skemmtana sem fram fara á veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga fer samkvæmt lögreglugögum.

■ **5. gr.** Leyfi til innflutnings, heilidsölu, smásölu eða framleiðslu skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og sem tilkynnt hefur skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

□ Til að fá útgefið leyfi skv. 1. mgr. 3. gr., annað en leyfi til smásölu, skal umsækjandi vera orðinn 20 ára. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

□ Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða

gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs [nema annað sé tekið fram].<sup>2)</sup>

□ Framleiðslu-, innflutnings-, heilidsölu- eða smásöluleyfshafa er skylt að halda, eftir því sem við á, framleiðslu-, birgða- og sölubókhald. Ráðherra setur nánari reglur um færslu bókhalds samkvæmt þessari málsgrein.

□ [Dómsmálaráðherra getur með reglugerð<sup>3)</sup> kveðið nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heilidsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 17/2003, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 8/1999, 1. gr. <sup>3)</sup> Rg. 828/2005. <sup>4)</sup> L. 40/2005, 1. gr.

**II. kafli. Framleiðsla áfengis.**

■ **6. gr.** Sækja skal um leyfi til framleiðslu áfengis til ríkislögreglustjóra.

□ Með framleiðslu áfengis er átt við hvers konar bruggun, gerjun eða eimingu áfengra drykkja, sem og blöndun eða átöppun eins eða fleiri áfengra drykkja. Til framleiðslu í þessum skilningi telst þó ekki blöndun áfengra drykkja sem á sér stað samtímis og sem hluti af veitingu áfengis.

□ Handhafa framleiðsluleyfis er jafnframt heimilt að selja áfengi í heilidsölu.

□ Framleiðsluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

■ **7. gr.** Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem var ódrykkjarhæft, nema hafa til þess sérstakt leyfi. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/2005, 2. gr.

**III. kafli. Innflutningur áfengis.**

■ **8. gr.** Sækja skal um leyfi til innflutnings áfengis í atvinnuskyni til ríkislögreglustjóra.

□ Innflutningsleyfi veitir leyfishafa jafnframt heimild til að selja eða afhenda innflutt áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. [Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.]<sup>1)</sup> Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Innflutningsleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

□ Innflutningsleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

<sup>1)</sup> L. 40/2005, 3. gr.

**IV. kafli. Sala áfengis.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 177/1999.

■ **9. gr.** Sækja skal um leyfi til að selja áfengi í heilidsölu til ríkislögreglustjóra.

□ Handhafa heilidsöluleyfis er heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. [Handhafa heilidsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota.]<sup>1)</sup> Handhafa heilidsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Heilidsöluleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

□ Heilidsöluleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

<sup>1)</sup> L. 40/2005, 4. gr.

■ **10. gr.** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis.

□ Sækja skal um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

□ Smásöluleyfi sem gefið er út vegna áfengisútsölu í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

■ **11. gr.** Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu.

□ Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölastaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

□ Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um leyfi sem hún veitir til rekstrar áfengisútsölu og um þau skilyrði sem leyfið er bundið.

■ **12. gr.** Smásöluleyfifhafi skal ábyrgjast fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðis þess sem hýsa á útsölastaðinn, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, sem og hámarksafgreiðslutíma. Ráðherra kveður nánar á um hámarksafgreiðslutíma og sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

□ Áfengisútsölastaðir skulu vera lokaðir á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

#### V. kaffi. Veitingar áfengis.

■ **13. gr.** Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

□ Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem hefur gilt veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði.

□ Áfengisveitingaleyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Sé leyfi endurnýjað má haga gildistíma þess með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af veitingarekstrinum, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

□ Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins eða ef breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar má sveitarstjórn gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi.

□ Leyfishafi skal tilnefna stjórnanda sem annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á honum ásamt leyfishafa. Ef leyfishafi rekur fleiri en einn áfengisveitingastað skal slíkur stjórnandi tilnefndur fyrir hvern þeirra. Stjórnandi skal uppfylla skilyrði laga til að fá útgefið veitingaleyfi og vera orðinn 20 ára að aldri. Taki nýr stjórnandi við rekstri staðarins skal það tilkynnt lögreglustjóra og sveitarstjórn.

■ **14. gr.** Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal hún afla umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar sem metur innrétingu og annað svipmót veitingarekstrar. Einnig skal sveitarstjórn leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Skal sveitarstjórn ákveða heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað, gildistíma og skilyrði leyfis.

□ Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar kemur. Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingarinnar. Skal miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til.

□ Heimilt er að synja útgáfu leyfis til áfengisveitinga þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr., eða ef hlutaðeigandi hefur á undanförunum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt . . .,<sup>1)</sup> um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald, og ástæðurnar eiga við:

a. umsækjanda sem er lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eiganda hans,

b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,

c. umsækjanda sem er einstaklingur.

□ Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um þau leyfi sem hún veitir til áfengisveitinga á veitingastað og þau skilyrði sem leyfið er bundið.

□ [Fyrir útgáfu leyfis til áfengisveitinga skal greiða til sveitarfélags sem hér segir:

a. leyfi til sex mánaða eða skemur 20.000 kr.,

b. leyfi til eins árs eða skemur 30.000 kr.,

c. leyfi til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára 50.000 kr.,

d. leyfi til lengri tíma en tveggja ára 100.000 kr.]<sup>2)</sup>

□ Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, flokkun veitingastaða, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóra.

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 130. gr. <sup>2)</sup> L. 8/1999, 2. gr.

■ **15. gr.** Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga um borð í skráningarskyldu skipi til sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa.

□ Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem uppfyllir skilyrði laga um veitinga- og gististaði til að fá útgefið veitingaleyfi.

■ **16. gr.** Áður en veitt er leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi skal leitað umsagnar Siglingastofnunar Íslands.

□ Sé leyfi veitt nær það einungis til áfengisveitinga um borð í skipulögðum hópferðum innan landhelgi.

□ Að öðru leyti gilda ákvæði 13. gr. um umsókn um leyfi og gildistíma þess.

□ Heimilt er að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í hópferð sem farin er af sérstöku tilefni. Ákvæði 1. og 2. mgr. og 1. mgr. 15. gr. gilda um slík leyfi.

□ [Um gjald fyrir leyfi samkvæmt grein þessari fer skv. 5. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

□ Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum.

<sup>1)</sup> L. 8/1999, 3. gr.

■ **17. gr.** Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

a. hafi veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði,

b. annist á eigin ábyrgð alla sölu og veitingar áfengis hverju sinni,

c. annist sjálfur og greiði fyrir áfengi, aðrar veitingar og þjónustu sem gestum er látið í té.

□ Við útgáfu leyfa samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 14. gr. eftir því sem við á.

□ [Fyrir útgáfu leyfis samkvæmt þessari grein skal greiða til sveitarfélags 5.000 kr.]<sup>1)</sup>

□ Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að takmarka útgáfu leyfa ábyrgðarmanns húsnæðis við tiltekinn fjölda tilvika á hverju ári.

<sup>1)</sup> L. 8/1999, 4. gr.

## VI. kafli. Meðferð og neysla áfengis.

■ **18. gr.** Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

□ Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

■ **19. gr.** Heimilt er að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

□ Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum, húsnæði félagasamtaka eða öðrum þeim stöðum þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 13., 15. og 17. gr.

□ Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

□ Öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi skv. 3. gr. er óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra gegn gjaldi eða öðru verðmæti.

□ Það varðar mann refsingu samkvæmt lögum þessum láti hann viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu. Sama gildir ef skip hans, bátur eða annað flutningstæki er með vitund og vilja hans notað til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis. Með sama hætti skal refsa þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum laga þessara.

■ **20. gr.** Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

□ Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

□ Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

□ Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.

2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.

3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

■ **21. gr.** Hver sá sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannaferi, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

■ **22. gr.** Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

□ Sama gildir þótt annar hafi haft með höndum starf framangreindra manna ef þeir áttu sjálfir að annast starfið en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaut af því.

□ Það varðar refsingu að veita mönnum þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. áfengi þegar þeir eru að störfum.

■ **23. gr.** Leiki vafi á hvort sakborningur skv. 21. og 22. gr. sé undir áhrifum áfengis skal bæði lögreglu og sakborningi heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn eða öndunarprófi sem læknir eða annar kunnátumaður framkvæmir.

## VII. kafli. Leyfissviptingar, refsingar o.fl.

■ **24. gr.** Leyfisveitandi skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

■ **25. gr.** Verði handhafi leyfis sem gefið er út samkvæmt lögum þessum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða hann uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu vegna leyfa sem gefin eru út af sveitarstjórn veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri, en ríkislögreglustjóri veitir áminningar vegna leyfa er hann hefur gefið út. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa.

□ Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. másl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

■ **26. gr.** Misbeiti veitingamaður sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli sem um áfengisveitingar gilda varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum.

□ Brot þjónustumanna og stjórnenda varða einnig refsingu samkvæmt lögum þessum.

■ **27. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennta hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennta hegningarlaga.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi.

Innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Sama gildir ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

■ **28. gr.** Gera skal upptæk til ríkissjóðs öll áhöld sem með ólögnum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögnum hætti skal og gert upptækt ásamt ílátum.

Tæki sem talin eru í 7. gr., sem finnast hjá öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi, skulu gerð upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

Einnig skal gera upptækt:

a. áfengi sem ólöglega er flutt til landsins,

b. áfengi sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum,

c. áfengi sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum,

d. áfengi í vörslu þeirra sem brotlegir gerast skv. 21. gr.

#### VIII. kafli. Úrskurðarnefnd um áfengismál.

■ **29. gr.** Heimilt er að bera ákvarðanir sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um áfengismál sem úrskurðar um ágreininginn.

Nefndin er sjálfstæð í störfum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

■ **30. gr.** Dómsmálaráðherra skipar þrjú menn í úrskurðarnefnd um áfengismál til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af ríkislögreglustjóra og einn af félagsmálaráðherra sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

■ **31. gr.** Mál skv. 1. mgr. 29. gr. skal borið skriflega undir úrskurðarnefnd um áfengismál.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

#### IX. kafli. Gildistaka.

■ **32. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 . . .

#### Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heilðsölu, framleiðslu eða veitingar áfengis sem veitt voru í gildistíð eldri laga halda gildi sínu. Um eftirlit, áminningar og leyfissviptingar fer eftir þessum lögum.

Sækja skal um smásöluleyfi fyrir þær áfengisútsölur sem starfræktar eru við gildistöku laganna til viðkomandi sveitarfélags innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

■ **II.** . . .

■ **III.** . . .

■ **IV.** Dómsmálaráðherra skal þegar í stað skipa sex manna nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Nefndin skal gera grein fyrir viðfangsefni sínu með hlutlausum hætti og kanna m.a. eftirfarandi þætti:

1. Skilgreindir verði kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri.

2. Könnuð verði reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri.

3. Kannað verði hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.

4. Metin verði áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár.

5. Metið verði hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.

6. Meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0‰.

Nefndin verði skipuð eftirtöldum aðilum: einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einum tilnefndum af áfengiseftirlitsdeild ríkislögreglustjóra, einum tilnefndum af landlæknisembættinu, einum tilnefndum af landssamtökunum Heimili og skóli og einum tilnefndum af Félagi framhaldsskólanema. Dómsmálaráðherra skipar nefndinni formann án tilnefningar. Nefndin skal vinna í samráði við allsherjarnefnd og skal hún reglulega gera allsherjarnefnd grein fyrir störfum sínum.

Niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.